

Sjötta alþjóðlega ráðstefna samstarfsaðila um vatnsmál í dreifbýli þróunarlanda

-eftir Erlu Hlín Hjálmarsdóttur

[Sjötta alþjóðlega ráðstefna samstarfsaðila um vatnsmál í dreifbýli þróunarlanda](#) (Rural Water Supply Network, RWSN) var haldin í Kampala í Uganda fyrir skömmu. Slíkar ráðstefnur eru haldnar á fjögurra ára fresti fyrir lærða og leika í vatnsgeiranum. Yfir 400 fulltrúar frá tæplega 50



Himbakrakkar við vatnstrog sem notað er til að bryna búfenaði
Vatnspörf Himba fólksins er tiltölulega mikil þar sem þau þarfnast vatns til að bryna búfenaði sínum.
Mynd: Davíð Bjarnason

löndum, frá hinu opinbera í þróunarlöndum, aðilar frá alþjóðastofnunum, þróunarsamvinnustofnunum, frjálsum félagasamtökum, sérfræðingar og fræðafólk af sviðinu sóttu ráðstefnuna sem var vel heppnuð í alla staði. Þátttakendur tóku m.a. saman ályktanir um vatnsmál í dreifbýli þróunarlanda fyrir [sjöttu heimsstefnu vatnsmála](#) sem haldin verður í Marseille í mars komandi.

Erla Hlín Hjálmarsdóttir doktorsnemi við Háskóla Íslands sótti ráðstefnuna og kynnti

niðurstöður [rannsóknar á verkefni Þróunarsamvinnustofnunar Íslands](#) í

Kunene héraði í Namibíu sem notað var sem raundæmi fyrir notkun sólarorku til

að keyra vatnspumpur. Rannsóknin stóð yfir frá 2008 til 2010, en frá 2007 hefur ÞSSÍ byggt 39

vatnsból fyrir Ovahimba fólkið sem býr á þessum slóðum. Ovahimba fólkið, sem í daglegu tali eru kallaðir Himbar, eru hirðingjar sem færa sig milli svæða í leit að vatni og beitarlöndum. Aðstæður eru nokkuð sérstakar á þessum slóðum, þar sem svæðið er ákaflega þurrt, erfitt yfirferðar og mjög dreifbýlt. Niðurstöður rannsóknarinnar nýtast því öðru fremur á jaðarsvæðum þar sem aðstæður eru svipaðar, t.d. fyrir hirðingja á Sahel svæðinu.



Ferskt vatn streymir upp úr nýrri borholu í Othovihe í Kunene
Aðgangur að heilnæmu vatni hefur mikil áhrif á samfélögin, sem sjálf sjá um stjórnun auðlindarinnar.
Mynd: Erla Hlín Hjálmarsdóttir

Sólarpumpur nýta endurnýjanlega orku og

lágmarka neikvæð umhverfisáhrif og eru því af mörgum talin vænlegur lausn fyrir vatnsveitur í sveitahéruðum. Jafnframt er viðhaldskostnaður sáralítill, og samfélög þurfa ekki að eyða fjármagni og tíma í að flytja díselolífu milli staða, en á svæðum þar sem djúpt er á grunnvatni og vatnspörf er mikil, eru díselpumpur gjarnan notaðar.

Kynning rannsóknarinnar féll í flokk *margþættrar nýtingar vatns í þurru loftslagi* þar sem einnig voru kynnt raundæmi frá [Sahel svæðinu í Vestur Afríku](#), [Syanga héraðinu í Nepal](#), frá [Maasai samfélagi í Kenía](#) og [Edja héraðinu í Eþíópíu](#). Vatnspörfin í Kunene er fremur mikil þar sem samfélögin þurfa vatn til að brynna búfænaði sem hefur gífurlegt mikilvægi fyrir samfélögin, bæði í hagrænum og menningarlegum skilningi. Í vatnsgeiranum er í auknum mæli horft til þess að líta ekki einungis til grundvallarvatnsþarfa fólks til lífsviðurværis, einnig er lögð áhersla á þörf fólks fyrir aðgang að vatni til að ræktunar grænmetis og ávaxta, til að brynna búfænaði, og stuðla að efnahagsþróun og sjálfsþurft fátækra samfélaga á annan hátt. Að þessu leyti eru þau viðmið sem gjarnan er miðað við í þróunarsamvinnu til trafala þar sem ríkisstjórnir og aðilar þróunarsamvinnu leitast við að ná grundvallarmarkmiðum, líkt og þau sem sett eru fram með þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þá er hættan þá sú að einblínt sé á grundvallarþörf fólks á vatni til lífsviðurværis og litið framhjá vatnsnotkun í víðara samhengi.

Í rannsókninni voru jafnframt skoðuð málefni sem tengdust þjófnaði á sólarpanelum, ytri



Sólarorka er notuð til að keyra vatnspumpur í verkefni ÞSSÍ í Kunene héraði. Verð á sólarpanelum hefur lækkað um helming síðan 2008 sem gerir það að verkum að nýting sólarorku í vatnsverkefnum er orðinn mun fýsilegri fjárfestingarkostur.
Mynd: Davíð Bjarnason

áhrifum, líkt og beitarálagi, þjálfun vatnsnefnda, eftirliti með vatnsnýtingu, samþættingu vatns- og hreinlætismála, og samfélagsstjórnunar. Til að tryggja velgengni verkefna þar sem notast er við sólarorku, var í niðurstöðum lagt til að notast yrði við sveigjanlega nálgun við að reka vatnsveitur, lögð áhersla á mikilvægi þess að viðhalda félagslegri uppbyggingu jafnt sem vatnsveitunum sjálfum, og að

gera samfélögum kleift að læra hvert af öðru. Jafnframt er nauðsynlegt að leita lausna sem sniðnar eru að þörfum samfélaga og umhverfinu hverju sinni,

í stað þess að yfirfæra lausnir í heild sinni frá einu svæði til annars. Rannsóknin gaf enn fremur til kynna að ákveðnir fordómar væru gagnvart því að notast við sólarorku vegna hás stofnkostnaðar og vegna þess að samfélög og sérfræðingar þekkja ekki tæknina og kosti þess að nýta sólarorku. Þegar hagkvæmnimat er framkvæmt, er mikilvægt að allir hagsmunaaðilar geri sér grein fyrir fullum langtímakostnaði tiltekinna lausna ásamt vistferliskostnaði verkefna. Mikill áhugi er á notkun sólarorku í vatnsverkefnum, en Alþjóða orkumálastofnunin ([International Energy Agency](#)) hélt einnig málstofu í tengslum við ráðstefnuna þar sem notkun sólarorku var

sett í forgrunn og kynnti Erla einnig rannsókn sína þar. Verð á sólarpanelum hefur helmingast frá árinu 2008 og eru því sólarpumpur orðnar mun fýsilegri kostur en áður var.

Á ráðstefnunni kom fram að aukin áhersla er lögð á að gera fólki í sveitahéruðum kleift að fjármagna að fullu eigin vatnsveitur (e. self supply) og að bjóða fjármögnunarkosti og vatnsveitur sem henta á hverjum stað fyrir sig. Vonir standa til að slíkar lausnir geti flýtt uppbyggingu á stórum landsvæðum þar sem aðgangur að vatni er nú takmarkaður. Nú er verið að vinna að slíkum verkefnum í samvinnu við stjórnvöld í Eþíópíu, Úganda, Sambíu og Malí. Margir ódýrir kostir eru til staðar fyrir fátæk samfélög, t.d. að gera fólki kleift að bora sjálft eftir vatni og nýta einfalda tækni, og eru svokallaðar [fílápumpur](#) og [leikpumpur](#) dæmi um áhugaverðar en jafnframt ódýrar útfærslur.



Himbakrakkar í Kúnene bera vatn.

Vatn á nýjum stöðum breytir búsetumynstri Himbanna og fólk þarf ekki að ganga langa vegu til að fá vatn til daglegra nota.

Mynd: Davíð Bjarnason

Þá er jafnframt horft til sjálfbærrar nýtingar grunnvatns, sem og að nýta regn- og yfirborðsvatn á skynsamlegan máta.

Árangursmælingar og vöktun eru einnig í forgrunni, en [Grundfos Lifelink](#) verkefnið í Kenía er gott dæmi um samfélagsstjórnun þar sem farsímataekni er nýtt á áhugaverðan máta. Gegnumgangandi áhersla í vatnsmálum í sveitahéruðum er þó að veita meira fjármagni til enduruppbyggingar og viðhalds vatnsveita, í stað þess að byggja

sífelld nýjar. Á stórum svæðum eru óvirkar vatnsveitur þar sem miklu fjármagni hefur verið veitt í uppbyggingu, en stjórnun og viðhaldi hefur við ábótavant og þær verða óvirkar innan fárra ára. Líkt og í öðrum geirum er mikilvægt að samræma þróunaraðstoð og byggja upp verkefni í samstarfi við stjórnvöld á hverjum stað til að byggja upp staðbundna getu og tryggja að vatnsveitur virki til framtíðar, eftir að utanaðkomandi aðstoð lýkur. Samfélagsstjórnun, fjármögnun og sjálfbærni vatnsveita heldur áfram að vera áhyggjuefni, en reynslan hefur sýnt sig að samfélög hafa sjaldnast burði til að fjármagna og stjórna að fullu eigin vatnsveitum án stuðnings.

Á síðustu árum hefur umræða vatnsmál í þróunarlöndum orðið sífelld meira áberandi, en aðgangur að heilsusamlegu vatni til neyslu og hreinlætismála er talið tengjast beint eða óbeint öllum þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Talið að upp undir þriðjungur þessara markmiða velti á aðgangi að heilnæmu vatni. Dæmi um slíkt er sá tími sem tekur að ná í vatn, mikilvægi vatns fyrir menntun stúlkna, leiðum til að draga úr fátækt og örva efnahagsþróun. Tengsl vatns við hungur og sjúkdóma er einnig mikilvægt í þessu samhengi, en Sameinuðu þjóðirnar telja að sjúkdómar sem berast með vatni valdi dauða 1,5 milljóna barna á ári hverju.



Frá sjöðu alþjóðlegu ráðstefnu samstarfsaðila um vatnsmál í dreifbýli þróunarlanda í Kampala RWSN sem samstarfsvettvangur er mikilvægur til að gera þeim fjölmörgu aðilum sem starfa innan geirans kleift að kynna farsælum lausnum sem notaðar eru í ólíkum löndum og svæðum.

auka árangur í þeim heimshluta. Ásamt því að auka stuðning, er sérstaklega mikilvægt að nýta það fjármagn sem þegar fer til geirans á sem skynsamlegastan hátt og leita eftir nýjum leiðum til að auka skilvirkni og tryggja sjálfbærni verkefna. Samstarfsvettvangur RWSN er því ákaflega mikilvægur til að gera þeim aðilum sem starfa innan geirans kleift að læra af því sem vel er gert, en jafnframt að laga lausnir að staðbundnum aðstæðum.

Fólk í dreifbýli er sérstaklega viðkvæmur hópur, en 80% þeirra sem ekki hafa aðgang að heilnæmu drykkjarvatni, búa í dreifbýli, sem samsvarar 780 milljón manns í heiminum öllum. Ástandið

er sérstaklega alvarlegt í Afríku sunnan Sahara og mikið átak þarf til að